



ÁRSSKÝRSLA LEIKSKÓLANS HÆÐARBÓLS

Skólaárið 2018-2019



Garðabær í júlí 2018

Sigurborg Kristjánsdóttir, leikskólastjóri Hæðarbóls

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Inngangur.....	2
Innra starfið	2
Gagnaöflun	2
Starfsmannaviðtöl.....	2
Viðtöl við leikskólabörnin	3
Foreldraviðtöl	4
Viðhorfskönnun Skólapúlsins meðal foreldra.....	4
Niðurstöður úr rýnihópum foreldra í ljósi niðurstaðna Skólapúlsins	5
Umbætur í ljósi niðurstaðna Skólapúls og rýnihóps foreldra	5
Matsfundir verkefnisstjóra	5
Mat matsteymis.....	5
Stjórnendamat	6
Matsfundur með þátttöku allra starfsmanna	6
Nýbreytni og þróunarverkefni	7
Mannauður leikskólans.....	8
Starfsþróun kennara	8
Starfsþróun	8
Barnahópurinn – færa inn í exel	9
Sérkennsla/ stoðþjónusta.....	9
Samráðsfundir	9
Foreldrasamstarf	10
Viðburðir	10
Öryggismál	10
Húsnæðið	11
Innandyra	11
Utandyra	11
Skólalóðin	11
Viðhald á húsnæði á sl. ári.....	11
Innandyra.....	11
Lokaorð	12

Formáli

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir mati á innra starfi leikskólans Hæðarbóls síðasta starfsárs. Gerð er grein fyrir gagnaöflunarleiðum sem farnar voru og hvernig unnið var úr gögnunum. Þá er gerð stutt grein fyrir mati á starfs- og matskýrslum, nýbreytni- og þróunarverkefnum og framgangi þeirra sem og samsetningu barnahópsins og mannauði sem leikskólinn bjó yfir. Einnig er sagt frá því hvernig staðið var að stoðþjónustu, samstarfi við foreldra, starfsþróun kennara, samráðsfundum, öryggismálum og öðru er varðar húsnaði og viðhaldi skólahúsnaðisins.

Símat var í gangi allan veturinn því starfs- og matsáætlanirnar gerðu kröfur til þess að kennarar og stjórnendur væru á tánum til þess að ná settum markmiðum.

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber leikskólastjóra að gefa út sérstaka ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á skólastarfi liðins starfsárs og á að byggja á skólanámskrá og starfsáætlun. Þá kemur líka fram í lögnum að hver leikskóli eigi að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla með virkri þátttöku starfsmanna, barna og forelda eftir því sem við á. Þá kveða löggin einnig á um að leikskólinn birti opinberlega upplýsingar um innramat, tengsl þess við skólanámskrá og umbætur.

Innra starfið

Á næstu síðum verður gerð grein fyrir mati á innra starfi út frá mats- og starfsáætlun leikskólans Hæðarbóls, hvernig staðið var að gangaöflun og hvernig unnið var úr gögnunum sem safnað var og hvernig niðurstöður voru kynntar. Í stuttu máli má segja að það var samhljómur í niðurstöðunum með þeim gögnum sem safnað var meðal kennara, foreldra og barna sem er jákvætt og leiðir líkum á áreiðanleika niðurstaðnanna.

Gagnaöflun

Gögnin sem grundvalla matið á innrastarfi var sótt í:

- starfsmannaviðtöl sem leikskólastjóri tók við alla starfsmenn leikskólans á haustönn og flest alla starfsmenn á vorönn
- viðtöl við tvo elstu árganagana á haustönn og þrjá elstu árgangana á vorönn
- foreldraviðtöl sem tekin voru við foreldra á haust og vorönn
- viðhorfskönnun meðal foreldra sem Skólapúlsinn gerði í mars fyrir hönd Garðabæjar um:
 - daglegt leikskólastarf,
 - námsumhverfi,
 - samskipti við foreldra,
 - upphaf og lok leikskólagöngu,
- niðurstöður rýnihópa foreldra eftir kynningu á niðurstöðum Skólapúlsins
- matsfundi verkefnisstjóra
- fundi matsteymis
- rýnihópsviðtöl með stjórnendum
- matsfund með þátttöku allra starfsmanna

Starfsmannaviðtöl

Leikskólastjóri tók viðtöl við allt starfsfólk leikskólans á haustönn og flest allt starfsfólkið á vorönn. Fyrri viðtölin byggðu á umræðu um samskipti innan deilda og innan leikskólans, samskipti við foreldra, ánægju í starfi, styrkleikum í starfi og hvernig þeir nýttust í starfinu og hvort leikskólastjóri gerði sér

grein fyrir hvað býr í hverjum og einum starfsmanni. Heilt yfir var samhljómur meðal starfsmanna um að samskiptin væru góð, styrkleikar nýtist í starfi og leikskólastjóri gerði sér grein fyrir styrkleikum þeirra og þeim væri hrósað fyrir framgöngu í starfi. Auk þess var kallað eftir því hvort það væri eitthvað annað en það sem fram kom í viðtalsramma sem starfsmenn vildu koma á framfæri sem gæti stutt starfsmenn til frekari sóknar í starfinu.

Seinni viðtölin byggðu á viðtalsramma sem leikskólastjóri bað starfsfólk um að svara og voru svörin sem þeir skráðu stoðirnar í viðtölunum. Meðal umræðuefnis var; starfsánægja, starfshlutfallsbreytingar, starfslok, áskoranir í starfi vegna þróunarverkefnisins um nýtingu mannauðsins og annað sem fólk vildi ræða er varðaði starfið í leikskólanum.

Viðtölin voru greind með þeim hætti að þau voru flokkuð í þemu í ljósi umræðupunktanna sem settir voru fram í viðtölunum og svo annað sem kallað var eftir. Eftir greiningu gagna voru helstu niðurstöður þær að;

- ⚡ það ríkir mikil starfsánægja í leikskólanum
- ⚡ starfsmönnum líður vel í starfi
- ⚡ samskipti innan leikskólans eru góð
- ⚡ samskipti við foreldra eru góð
- ⚡ styrkleikar nýtast vel í starfi
- ⚡ starfsmenn einnar deildar voru sammála um að það mætti framfylgja mannelismarkmiðum í matargerð betur en það sjónarmið tónaði ekki við niðurstöður Skólapúlsins en allir foreldrar eða 100% voru mjög eða fremur ánægðir með matinn og gerðu ekki athugasemdir við hann.

Niðurstöður fyrri starfsmannaviðtala voru kynntar á starfsmannafundi í nóvember en ekki náðist að klára öll seinni starfsmannaviðtölin á vorönn og því voru þær ekki kynntar.

Viðtöl við leikskólabörnin

Leikskólastjóri tók viðtöl við tvo elstu árganga leikskólans í nóvember og þrjá elstu árgangana í lok mars. Hún bauð börnunum í viðtal inn á skrifstofu sína og þeim boðið að teikna mynd meðan á viðtalinu stóð. Börnin voru beðin um að tjá sig um vinnustundirnar hjá kennurunum og áttu að rétta upp broskarl eða fýlukarl eftir því hvernig þeim líkaði þátttakan. Til þess að hjálpa börnum til að átta sig á um hvaða kennara og vinnustund var að ræða fengu börnin að sjá mynd af kennaranum sem sá um vinnustundina. Þá voru tveir elstu árgangarnir spurðir hvort það væri gaman að syngja í kór og beðin um að svara með sama hætti og áður. Að lokum voru þau spurð hvort það væri gaman eða leiðinlegt í leikskólanum. Börnin þurftu að rökstyðja svör sín með því að nefna dæmi um það sem væri skemmtilegt eða leiðinlegt og voru svör þeirra skrásett.

Niðurstöður viðtalanna voru greind í þemu og voru þær mjög jákvæðar og rökstuðningur barnanna ekki síður skemmtilegur. Fyrri niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi í byrjun desember og í framhaldi voru þær sendar í t-pósti til allra foreldra og settar á heimasíðu leikskólans. Seinni niðurstöðurnar voru kynntar á matsfundinum sem haldinn var í maí, einnig sagt frá þeim á foreldrafundi sem haldinn var í lok maí og sendar í t-pósti til foreldra sem og settar á heimasíðu leikskólans. Það var ánægjulegt hve börnin voru jákvæð og ánægð með vinnustundirnar, að syngja í kórnum og að stunda nám í leikskólanum og tónaði niðurstöðurnar vel við ánægju foreldra í foreldraviðtölunum sem og í niðurstöðum Skólapúlsins.

Foreldraviðtöl

Öllum foreldrum var boðið að koma í foreldraviðtal þar sem framvinda þroska og líðan barns í leikskólanum var rædd. Boðið var upp á tvö formleg foreldraviðtöl nema þrjú viðtöl við nýja foreldra. Auk þessa hafa foreldrar og kennarar óskað eftir fundi ef ástæður hafa kallað á. Á rýnihópsfundum með stjórnendum kom fram ánægja með viðtölin og þau talin gagnleg. 100% mæting foreldra var í öll viðtölin.

Viðhorfskönnun Skólapúlsins meðal foreldra

Skólapúlsinn geri viðhorfskönnun meðal foreldra leikskólabarnanna í mars fyrir hönd Garðabæjar um:

- daglegt leikskólastarf,
- námsumhverfi,
- samskipti við foreldra,
- upphaf og lok leikskólagöngu,

Daglegt skólastarf

Undir matsþættinum daglegt skólastarf var spurt um; a) ánægju með leikskólann, b) hvort stjórnendur væru sýnilegir í daglegu starfi, c) hvort barnið væri ánægt í leikskólanum, d) álit foreldra um fjölda barna á deild og e) hollustu matarins.

77% foreldra voru mjög eða frekar ánægðir með leikskólann, 85% foreldrar voru mjög eða frekar ánægðir með sýnileika stjórnenda, 96% foreldra sögðu að barninu þeirra liði mjög eða frekar vel í leikskólanum, 98% svarenda töldu að það væri hæfilegur fjöld barna á deildunum og allir svarendur eða 100% voru sammála því að barnið þeirra fengi hollan og góðan mat í leikskólanum.

Námsumhverfi

Undir þessum matsþætti, námsumhverfi var spurt um; a) vinnubrögð, b) aðstöðu, c) félagsleg samskipti og d) þátttöku án aðgreiningar. Allir eða 100% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með vinnubrögðin, aðstöðuna, félagslegu samskiptin og þátttöku án aðgreininga.

Samskipti við foreldra

Undir matsþættinum um samskipti við foreldra var spurt um; a) upplýsingamiðlun, b) þekkingu á stefnu og námskrá leikskólans, c) tengsl við starfsfólks leikskólans, d) hvatningu til þátttöku í leikskólastarfinu, e) tímasetningu viðburða og f) heimasíðu leikskólans. Svörun um upplýsingamiðlun var ómarktæk. Hins vegar eða tæplega 96% svarenda sögðust þekkja mjög vel eða frekar vel til stefnu og námskrá leikskólans, 93% svarenda sögðust eiga mjög góð eða frekar góð tengsl við starfsfólk leikskólans, 83% svarenda sögðust starfsfólkið hvetja til þátttöku í skólastarfinu, rúmlega 90% svarenda sögðu að tímasetningu viðburða hentuðu þeim mjög eða fremur vel og liðlega 85% svarenda sögðu upplýsingarnar á heimasíðunni væru mjög eða frekar gagnlegar.

Upphaf og lok leikskólagöngu

Undir þessum matsþætti var spurt um a) leikskólabyrjun, b) flutning milli skólastiga og c) flutning milli deilda. 84% svarenda voru mjög eða fremur ánægðir með leikskólabyrjun barnsins, 60% svarenda voru mjög eða fremur ánægðir með flutning milli skólastiga en rýnihópar foreldra sem ræddu spurningarnar töldu spurninguna óraunhæfa og alls ekki eiga við í þessari könnun, hún ætti heima í grunnskólakönnun. 87% svarenda voru mjög eða fremur ánægðir með flutning milli deilda.

Niðurstöður úr rýnihópum foreldra í ljósi niðurstaðna Skólapúlsins

20. maí var kynningarfundur fyrir foreldra á niðurstöðum viðhorfskönnunar Skólapúlsins. Þeir þættir sem voru undir 90% gæðaviðmiðum voru teknir til umfjöllunar og í framhaldi lögðu foreldrar fram tillögur að umbótum. Þær tillögur sem foreldrar lögðu til að bæta þjónustu leikskólans enn betur voru;

- senda t-póst til foreldra og minna á viðburðardagatalið á heimasíðunni á haustin og eftir áramót,
- senda fundarboð eins og verið hefur en líka í meeting invite svo viðburðirnir fari beint inn á símadagatal foreldra,
- nota námssöguskráningu áfram eins og verið hefur og bæta við Tras-skráningu sem stoðir í foreldraviðtölum,
- deildarstjórar verði sýnilegir í lok dagsins eins og í upphafi dags,
- bæta við textum með gítargripum og táknum á heimasíðuna,
- senda myndir með vikupósti,
- setja upp flettiskjái í fataklefa til að auka upplýsingaflæði um daglegt starf,
- foreldrar í rýnihópnum voru ekki sammála niðurstöðum um þátttöku í skólastarfinu því þeim væri boðið að taka þátt í öllu því sem þeir vildu taka þátt í,
- foreldrar vilja fá aðstöðu til að geyma aukafatnað og
- foreldrar vilja stækka fataklefana svo hægt sé að koma fyrir þurrskápum svo hægt sé að þurrka blautan fatnað í leikskólanum.

Umbætur í ljósi niðurstaðna Skólapúls og rýnihóps foreldra

Nú þegar hafa verkferlar verið virkjaðir til þess að auka upplýsingaflæði til foreldra því t-póstur hefur verið sendur og verður sendur reglulega til þess að minna á viðburðardagatalið og allir viðburðir eru settir í viðburðardagatal, sendir í t-pósti og á meeting invite til foreldra.

Námssögur eru nýttar í foreldraviðtölum en frá og með næsta starfsári verða Trasskráningar einning notaðar sem stoðir í viðtölunum.

Stjórnendur deilda hafa sammælst um að taka að sér skilastöðu 1x í viku á ákveðnum dögum svo foreldrar geti haft aðgengi að þeim í lok dagsins þann dag sem þeir skila auk þess sem deildarstjórar hafa sett upp fasta viðtalstíma 1x í viku.

Á næsta starfsári verður unnið að því að setja upp söngbók með gítargripum og táknum á heimasíðu leikskólans. Beiðni hefur verið send til bæjaryfirvalda um að fá flettiskjá til að auka daglegt upplýsingaflæði, plastkassar hafa verið keyptir fyrir aukafatnað og viðbótahillur settar upp til að geyma kassana til að uppfylla óskir foreldra. Til að koma fyrir þurrklefum þarf að stækka leikskólann en sú vinna er á hönnunarstigi.

Matsfundir verkefnisstjóra

Verkefnisstjórar þróunarverkefnisins hittust nokkrum sinnum yfir starfsárið til þess að ræða framgang þess, samstillta verkferla, samhæfa stundaskrár og varða nýjar leiðir. Verkefnisstjórar töldu fundina ganglega og skilvirka.

Mat matsteymis

Matsteymið hittist þrisvar sinnum á skipulögðum fundum. Fyrsti fundurinn fór í að búa til matsáætlun síðasta starfsárs sem meðal annars var kynnt á kynningarfundum um matsáætlanir með leikskólastjórum Garðabæjar sem verkefnisstjóri leikskóla á skóladeild Garðabæjar stóð fyrir. Annar fundurinn var nýttur til að fara yfir matsáætlunina eftir áramótin til að máta hvort við værum ekki á réttri leið. Á skipulagsdeginum 31. maí fóru allt starfsfólkið saman yfir mats- og starfsáætlun.

Stjórnendamat

Fundir deildarstjóra voru að jafnaði á viku fresti og og má segja að þessir fundir hafi einkennst af upplýsingamiðlun, rætt var saman um það sem var á döfinni eða þar sem nýliðið var. Marvisst voru þó tekin fyrir atriði í mats- og starfsáætluninni eins og almenn líðan barnanna, barnakórinn, gengi foreldraviðtala, deildarfunda, mætingar á foreldrafundi og foreldraviðtala, samstarfið við FG um íþróttakennsluna, ferðir sem voru farnar, foreldrakaffi, leiklistarviðburðir, kórferðir o.s.frv. Það sem tekið var úr þessu símati var skráð til þess að nota sem lærdóm til að varða næstu skref og læra af því sem liðið var ef á þurfti. Niðurstöður deildarfunda/ rýnihópsviðtala voru skráðar í fundargerð og sendar í t-pósti til allra starfsmanna, foreldraráðs og lögð fram í setustofu starfsmanna að fundi loknum.

Matsfundur með þátttöku allra starfsmanna

Síðasti skipulagsdagur ársins sem haldinn var 31. maí var helgaður mati á skólastarfinu. Farið var heilstætt yfir matsgögnin sem áður hefur verið getið hér að framan og þau mátuð við mats- og starfsáætlunina lið fyrir lið. Fundurinn var nokkurskonar rýnihópsfundur með öllum starfsmönnum leikskólans. Samhljómur var meðal allra að þeir hafi í allflestum tilfellum náð markmiðunum sem sett voru fram í mats- og starfáætlun sem byggði að mestu á mati á vinnustundum þar sem mannauður kennara var í brennidepli, starfsánægju, samskiptum innan og utan leikskólans. Þessar niðurstöður tónuðu vel við niðurstöður matsfundarins, niðurstöður foreldrakannanna, viðtölin við börnin, foreldraviðtölin, rýnihópsviðræðum foreldra eftir kynningu á niðurstöðum Skólapúlsins og annarra matsgagna sem lágu fyrir.

Í matsáætluninni settum við okkur að 85% foreldra og kennara yrðu sátt með aldursblöndun barna á Hlíð og Holti. Það var samdómaálit, rýnihóps foreldra, umræðum á fundum foreldraráðs, mats- og stjórnendateymis að vel hafi tekist til. Að mati kennara kom margt jákvætt fram við blöndunina og má þar helst nefna;

- engir flutningar mikli Holt og Hlíðar eins og áður
- kennarar Holts og Hlíðar kynntust börnunum á báðum deildunum
- deildirnar tvær urður eins og ein deild og
- samvinna milli deilda jóks verulega.

Þessi jákvæðu sjónarmið komu líka sterkt fram í Skólapúlskönnuninni þótt svo ekki hafi verið spurt beint um þennan þátt eins og ákveðið var í matsáætluninni. Þá kom fram í Skólapúlskönnuninni mikil ánægja með starfshættina sem byggja á aldursblönduninni.

Einnig settum við okkur að 80% foreldra tækju þátt í kynningarfundum um skólastarfið. Við nýttum mætingalista og ljósmyndaskráningu sem matsgögn. Foreldrar frá 90% barna mættu á kynningarfundinn sem haldinn var í upphafi skólaársins.

Við settum okkur enn fremur að fulltrúar frá 80% barnanna mættu á viðburði er varðaði skólastarfið s.s. á mömmu- og ömmukaffi, jólaleikrit, danssýningar o.fl. Sömu matsgöng voru nýtt, þ.e. mætingalistar og ljósmyndaskráning. Heilt yfir mættu alltaf fulltrúar frá öllum börnum.

Þá settum við okkur að ná 70% skori í upplýsingamiðlun. Foreldra voru mjög ósáttir við missinn af facebook en 84% svarenda sögðust vera mjög eða frekar sammála því að þeir væru vel upplýstir um viðfangsefnið sem unnin væru á deildinni og 93% svarenda voru mjög eða frekar sammála því að þeir vissu af fundum og sérstöku viðburðum í leikskólanum. Rýnihópur foreldra kom með nokkrar tillögur til að gera upplýsingaflæðið enn betra eins og að senda tölvupóst á haustin og strax eftir áramótin og minna á viðburðardagatalið á heimasíðunni og senda viðburði, sem ætlast er til að foreldra mæti á sem

fundarboð sem fer beint inn í dagatal forelda í símanum. Nú þegar verið brugðist við nokkrum athugasemdum en aðrar verða setta inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Kennarar Hofs settu sér að efla úti- og vettvangsnám barnanna og nota myndaskráningar sem matsgöng. Þeir settu sér að 90% foreldra yrðu ánægðir með námið. Í rýnihópsviðtölum meðal foreldra Hofs var almenn ánægja með út- og vettvangsnámið og upplýsingamiðlunina á því. Ekki var gerð rafræn könnun til þess að kanna ánægjustuðulinn eins og áætlað var í matsáætluninni.

Aðrir matsþættir tóku til þróunarverkefnisins en þar settu kennarar sér að 90% foreldra og barna væru ánægðir með vinnustundirnar þar sem mannauður hvers og eins kennara nýttist öllum börnum. Eins og áður hefur komið fram voru nánast öll börnin glöð með vinnustundirnar og hlökkudu til að fara í þær og vildu alls ekki missa af þeim. Einnig lýstu foreldra yfir mikilli ánægju með þær í ummælum Skólapúlskönnuninni sem og í foreldraviðtölunum.

Nýbreytni og þróunarverkefni

Þróunarverkefnið sem hrundið var úr vör síðastliðið haust sem byggði á því markmiði að nýta mannauð og sérhæfða fagþekkingu kennara í samþættu skapandi starfi og leik barnanna gekk framur okkar björtustu vonum. Börn, foreldrar og kennarar hafa öll lýst yfir ánægju sinni með verkefnið og staðfesta niðurstöður Skólapúlsins, foreldraviðtölin, viðtölin við börnin og starfsmannaviðtölin og rýnihópsviðtöl þær niðurstöður.

Við hrintum einnig úr vör nýbreytinverkefni sem fólst í því að elstu börnin urðu aðstoðarmenn kennara í matsal eina viku í senn. Hlutverk aðstoðarmanna var að aðstoða í matsal, leggja matinn og mataráhöldin á hlaðboðið og styðja yngri börn þegar þau voru að fá sér að borða. Einnig fólst verkefnið í því að fara yfir matardiskinn með öllum börnum þar sem hann var greindur niður samkv. manneldismarmiðum um að innihald hans skiptist 1/3 í grænmeti/ ávexti, 1/3 kolvetni og 1/3 í prótein. Markmiðið var ennfremur að miðla smá næringarfræði til barnanna. Síðast og ekki síst var hlutverk aðstoðarmanna að hreinsa til eftir borðhald. Föstudaginn áður en barninu var úthlutað hlutverkinu fékk það erindisbréf með sér heim þar sem hlutverkið var skilgreint. Verkefnið hlaut lof foreldra og tóku börnin hlutverk sitt af mikilli alvöru. Í ljósi þess hve verkefnið gekk vel var ákveðið að sækja um styrk í þróunarsjóð leikskóla Garðabæjar til að þróa það enn frekar þegar næst opnast fyrir úthlutun í þróunarsjóð.



Mannauður leikskólans

Leikskólinn er ríkur af vel menntuðu og reynslumiklu fagfólki. 15.83% stg voru starfandi við leikskólann auk þess hlotnaðist okkur að vera með námsmenn í tímavinnu þegar þannig stóð á og til að skila í lok dagsins. Í töflunni má sjá hvernig stöðugildin, hlutverk og menntun.

Staða	Stöðugildi	Menntun
Leikskólastjóri	100%	M-Ed í menntunarfræðum
Aðstoðarleikskólastjóri	0,25%	Ed í leikskólakennari
Sérkennslustjóri	0,75%	Þroskaþjálfari
2X Deildarstjórnarar	1,8%	Ed í leikskólafræðum
Deildarstjóri	100%	Ed- í grunnskólafræðum
3x leikskólakennarar	2,45%	ED og M-Ed
2x Þroskaþjálfarar	1,20%	BA – í þroskaþjálfaramenntun
Þroskaþjálfari	0.80%	Þroskaþjálfari
Leikskólaleiðbeinandi B	0,84%	Viðskiptafærðingur
Leikskólaleiðbeinandi A	0,875%	Verkefnisstjóri
6x leikskólaleiðbeinendur	3,30%	Stúdentspróf
Matráður	100%	Grunnskólapróf
Aðstoð í eldhúsi	0,56%	Grunnskólapróf
Samtals stg.	15,83%	

Starfsþróun kennara

Ábyrgðin á fræðslu til kennara var á höndum stjórnenda eftir því sem við átti hverju sinni og tók hún mið af áherslum skólastarfsins. Skólafulltrúi leikskóla Garðabæjar bauð leikskólastjórnunum upp á áhugaverð fræðsluerindi á leikskólastjórnfundum, Kraginn stóð fyrir margbreytilegum námskeiðum fyrir starfsfólk leikskóla eins og árin á undan auk marvíslegra námskeiða og ráðstefna sem HÍ stóð fyrir sem, Endurmenntun HÍ og stéttarfélag starfsmanna. Síðast og ekki síst bauð leikskólinn upp á sex fræðsluerindi á starfsmannafundum eða á skipulagsdegi Garðabæjar bauð upp á metnaðarullan Menntadag þar sem kennara gátu kynnt sér alla þá flóru í þróunar- og nýbreytniverkefnum sem skólarnir í Garðabæ eru að vinna að.

Starfsþróun

Í starfsáætlun síðast árs lögðum við upp með að allir kennara sækja að lámarki eitt námskeið til þess að efla starfsþroska sinn þar sem við teljum að kennarar gegni lykilhlutverki í skólastarfinu og því þurfi að styðja við þá með því að gefa þeim kost á að afla sér þekkingar til þess að geta sinnt starfi sínu betur.

Leikskólinn bauð upp á fimm fræðslufundi á starfsmanna eða skipulagsdögum til að mæta þörfum starfsmanna leikskólans og Garðabæjar stóð fyrir kynningu á Persónuverndarlögunum sem allir starfsmenn sóttu. Kennarar leikskólans sátu fræðslu í samanlagt 347,5 klst sem jafngildi 43 vinnudögum. Hér á næstu síðu má sjá námskeiðin sem sótt voru, tímalengd þeirra og námskeiðsstaði.

Námskeið sótt	Fjöldi sem sóttu námskeiðin	Klst	Fjöldi klst	Haldið
Menntadagur Garabæjar	15	4	60	Hofsstaðaskóla
Lífsgildin í leikskólanum	15	1	15	Hæðarbóli
Tölvumálefni, póstforrit o.fl	15	1	15	Hæðarbóli
Jákvæð samskipti	15	3,5	52,5	Hæðarbóli
Kyning á prósónuverndarlögum	15	1	15	Leikskólum Garðabæjar
PMTO grunnmenntun	1	32	32	Grindavík og Garðabæ
Eldvarnarnámskeið	15	3	45	Hæðarbóli
Vinátta fyrir 1-3 ára börn	2	8	16	Í húsi Barnaheilla
Ráðstefna um vináttu	2	8	16	Í húsi Barnaheilla
Karellen	15	1	15	Hæðarbóli
Uppsetning lpada	5	2	10	Hæðarbóli
Leikur og námsumhverfi barna	2	2	4	Kópavogi
Lubbaráðstefna	4	8	32	Gerðubergi
Fæði og fæðuofnæmi	2	6	12	Skátaheimilinu
Ráðstefna um læsi	1	8	8	Gerðubergi

Barnahópurinn – færa inn í exel

Á síðasta starfsári voru 53 börn í leikskólanum og að jafnaði voru útseldir tímar 438 á mánuði og voru þeir heldur færri en árið á undan eða sem nemur sjö klukkustundum. Tólf börn voru í elsta árgangi, sautján í þeim næst elsta. Átta börn voru í miðárgangi, fjórtán í næst yngsta og tvö í þeim yngsta, sjá töflu hér að neðan.

Árg.	Stúlkur	Drengir	Samtals
2013	7	5	12
1014	10	7	17
1015	4	4	8
1016	6	8	14
2017	0	2	2
Samtals börn			53

Sérkennsla/ stoðþjónusta

Á síðasta starfsári fékk leikskólinn úthlutaða sérstökum sérkennslutímum vegna barna sem glíma við hegðunarferfiðleika, málþroskarösku og gruns um einhverfu og jafngiltu tímarnir tveimur stöðugildum. Þroskaþjálfar og leikskólakennari sáum um þjálfun barnanna undir leiðsögn sérkennslustjóra. Nokkur börn áttu við framburðarferfiðleika að etja og sá sérkennslustjóri um þjálfun þeirra. Túlkur var ávallt kallaður til þegar fundað var vegna tvítengdrabarna. Sérkennslufulltrúi, sálfræðingur ásamt talmeinafræðingi, sérfræðingar frá Garðabæ, voru okkur einnig innan handar við skipulagningu þjálfunarinnar.

Samráðsfundir

Margskonar samráðsfundir voru haldnir á síðasta ári. Að jafnaði voru haldnir vikulega stjórnenda- og deildarfundir. Starfsmannafundir voru að jafnaði haldnir mánaðarlega nema yfir sumarmánuðina og það sama á við um leikskólastjórafundi sem verkefnisstjóri leikskóla á skólaskrifstofu hélt með leikskólastjórum. Sérkennslufulltrúi setti á reglulega fundi í leikskólanum til að fjalla um einstök börn.

Sálfræðingur kom á fundi þegar eftir því var kallað til þess að veita ráðgjöf og eftirfylgd. Talmeinafærðingur kom að jafnaði 1x í viku og vann með börn sem áttu við málþroskafrávik að ræða. Ýmiskonar forstöðumannafundir voru líka á vegum Garðabæjar þar sem ýmiskonar málefni voru tekin til umfjöllunar sem og samræmingaraðgerðir vegna stjórnáslunnar.

Foreldrasamstarf

Allir nýjir foreldrar voru boðaðir í maí þar sem þeim var kynntur leikskólinn, farið var yfir helstu áherslur í starfi hans, leikskólasamningur um vistun barnsins undirritaður, rætt um aðlögun og annað sem foreldrar óskuð eftir að fá upplýsingar um. Þá voru nýjir foreldrar líka boðaðir í sérstakt upphafsviðtal við deildarstjóra þar sem deildin var kynnt, kennarar deildarinnar kynntir og farið yfir áherslur deildarinnar og spurningum svarað. Almennur kynningarfundur um vetrarstarfið var haldinn í september 2018 og var frábær mæting á fundinn eða fulltrúi frá 90% barnanna.

Sömu foreldrar eru í foreldraráði og foreldrafélagi og funduðu þau eftir þörfum ýmist hér í leikskólanum eða utan hans auk tölvusamskipta. Foreldraráðið fundaði 2x fyrir áramót og 2x eftiráramót og sat leikskólastjóri fundi ráðsins. Sú nýbreytni var tekin upp að senda fulltrúum í foreldraráði alla fundagerðir stjórnendafunda svo þeir væru betur tengdir við innra starfið í ljósi þess að hlutverk þeirra er að fylgjast með skólastarfinu samkv. lögboðanum. Foreldrafélagið studdi eins og áður við skólastarfið á fjölbreyttan hátt í samstarfi við okkur og greiddu kostnað vegna danskennslu, sveitaferðar, jólaleikritsins Jól í tösku, jólagjafir fyrir börnin og hoppukastala á íþróttadegi svo nokkuð sé nefnt.

Viðburðir

Leikskólinn tók þátt í nokkrum viðburðum á síðasta ári. Elstu börnin tóku þátt í öllum viðburðum en önnur börn sjaldnar. Að jafnaði tóku öll börn þátt í viðburðum sem haldnir voru í leikskólanum að undanskildu fræðslu í eldvörnum á haustönn og umferðafræðslunni á vorönn. Barnakórinn söng þegar kveikt var á jólatrénu á Garaðtorgi í upphafi aðventu. Þau sungu líka þegar Sveinatunga, fundarsalur Garðbæinga var formlega tekinn í notkun og þegar fyrsta skóflustungan var tekin að fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýrinni. Kórinn fór líka í söngferðalag í byrjun sumars og tók lagið í Hörpunni, í Alþingishúsinu og á Barnaspítala Hringisins. Meðal viðburða sem efnt var til eða tekið þátt í var; sögustund í Þjóðleikhúsinu, Sinfóníutónleikar, Dagur íslenskrara tungu, Dagur stærðfræðinnar, Bollu-, Ösku og Sprengidagur, Dagur gegn einelt, þrettándagleði, þorrablót o.s.frv.

Öryggismál

Slys gera ekki boð á undan sér og urðum þrjú börn fyrir því óláni að slasast sem hafði í för með sér heimsókn á slysavarðstofuna. Að öðru leiti urðu ekki alvarleg slys á börnum. Engin slys urðu á kennurum eða öðru starfsfólki í starfi.

Eldvarnareftirlit er í leikskólanum en mánaðarlega fara börnin ásamt kennara yfir öll öryggisatriðið er varðar eldvarnaröryggi. Mánaðarleg skýrsla þar um er send á forstöðumann fasteigna þar sem gerð er grein fyrir stöðu mála, hvað er gott eða hvað má betur fara.

Slökkviliðið kom í sína árlegu heimsókn og áréttaði eldvarnirnar í leikskólanum. Fulltrúar þeirra voru með námskeið fyrir elstu börnin og yfirfóru með stjórnendum það sem ábótavant var í brunavörnum skólans. Skýrsla þar um var send forstöðumanni fasteigna. Klemmuvarnir eru í góðu lagi og viðbrögð eru snör af hendi fasteiganfélagsins ef þær gefa sig. Eftirlit með garði er í góðum höndum Þóris Sigursteinssonar sem kemur reglulega í heimsókn, fer yfir garðinn og fylgist með því að alls öryggis sé gætt. Starfsfólk leikskólans sótti námskeið í eldvörnum á starfsmannafundi á haustönn.

Húsnæðið

Húsnæði leikskólans Hæðarbóls er komið til ára sinna og kallar á endurnýjun og viðbyggingu til að koma því í nútímalegra horf.

Innandyra

Til að byrja með þá þarf að stækka húsnæðið til þess að koma fyrir þurrskápum í fataklefum, gólfkaldi er þó nokkur og þyrfti að setja hita í gólfið á yngstu deildinni til að mæta móttöku yngri barna. Það þarf að laga skiptiaðstöðuna á öllum deildum því nú þurfum við að vera með fjóra árganga á eldri deildunum tveimur til að mæta breyttri aldurssamsetningu leikskólabarna og það er ekki lengur fært að fara með börnin af eldri deildum yfir á yngstu deildina til þess að skipta á þeim sem eru enn með bleiur. Þá þarf að setja salerni á allar deildir fyrir leikskólabörn en öll salernin sem eru fyrir eru ætluð fullorðnum. Þá þarf að bæta við einu starfsmannasalerni í leikskólann. Það þarf að færa þvottaaðstöðuna úr tæknirými leikskólans og til þess þarf stækkun. Það þarf að stækka vinnusvæðið í eldhúsinu og bæta vörumóttökuna. Þá þarf að bæta við fundarherbergi og herbergi fyrir aðstoðarleikskólastjóra.

Utandyra

Húsið er forskalað og er komið gat á múrinn á nokkrum stöðum á veggjunum skólalóðarmegin, sjá mynd. Á öðrum stöðum hafa veggirnir verið bættir. Í dag lítur húsið að utan eins og bútasaumsteppi á köflum og best af öllu væri að klæða húsið að utan með viðhaldslítili klæðningu. Þá þarf að mála þakið.



Skólalóðin

Fyrir efnahagshrunið var byrjað á því að gera upp lóðina en hætt við framkvæmdir í miðjum klíðum þegar hrunið skall á. Það sem kallar veruleg á varðandi lóðina er að dreina bæði efri og neðri lóð. Efri lóðin verður eitt drullusvað um leið og það rignir og á neðri lóðinni myndast tjörn sem frýs á veturnar þegar verðurskilyrði eru þannig. Þá þarf að fjölga krefjandi leiktækjum á lóðinni. Í litla garði þarf að fjölga leiktækjum fyrir lítil börn en það eina sem hún býður upp á er lítill kastali, sandkassi og ein róla. Kallað er stíft eftir krefjandi leiktækjum fyrir þriggja ára og yngri og við óskum eftir ljósi í útiskúrinn.

Framkvæmdir í lóð voru engar en fylgst var með öryggisþáttum leiktækja.

Viðhald á húsnæði á sl. ári

Innandyra. Kaffistofa kennara, Hof og Hlíð voru heilmáluð. Þá voru sólbekkirnir í kaffistofu kennara fjarlægir til að auka rými í kaffistofunni og lítil Ikea innrétting með vaski sett upp. Mikil ánægja er með þessar framkvæmdir.

Skípt var um þakkant þar sem hann var orðinn verulega fúinn, sjá mynd og þar með var fjármagnið til viðhalds húss uppurið fyrir fjárhagsárið 2019.

Óskir um frekari viðhald innandyra. Við óskuðum eftir því að að bekkirnir í fataklefa verði þússaðir upp og lakkaðir en þeir eru orðnir verulega slitnir og hætta á því að börnin fái í sig flísar.



Lokaorð

Síðasta ár var farsælt eins og árin á undan. Stöðuleiki var í starfmannahaldi og starfsandinn einstaklega góður sem ber að þakka. Í þessum lokaorðum vil ég þakka starfsfólkinu mínu sem hætti á síðasta ári og óska því velfarnaðar á komandi árum. Við höfum átt gott samstarfi við brautarstjóra Íþróttabrautar FG um íþróttakennslu fyrir tvo elstu árgangana, barnakórinn okkar gekk vel og erum við afar stoltar af honum sem og öllu öðru faglegu starfi í leikskólanum sem unnið er af mikilli fagmennsku. Heilt yfir hefur lánið leikið við okkur og heilsa starfsmanna verði góð. Eins og í leikskólum þar sem starfsaldurinn er í hærri kantinum þá var töluvert um launalaus leyfi sem gerði róðurinn stundum erfiðan en með samtakamættinum komumst við yfir þær hindranir. Það má líka segja að það sé forréttindi að hafa foreldrahóp eins og við á Hæðarbóli höfum haft síðustu ár og viljum við þakka þeim fyrir einstaklega gott, gefandi og ánægjulegt samstarf. Samstarfið við stoðþjónustu leikskóla var mjög gott og þökkum við öllum þeim fyrir sem hafa verið okkur innan handar þegar við höfum þurft á því að halda. Fasteignafélaginu þökkum við líka gott samstarf sem og starfsmönnum áhaldahúss. Síðast og ekki síðst þakka ég sem skrifa þessa skýrslu öllu mínu fólki fyrir vel unnin störf og án þess hefði fagstarfið ekki gengið eins vel og raun ber vitni. Ég vil þakka stoðþjónustu Garðabæjar fyrir sérstaklega gott og farsælt samstarf þá sérstaklega verkefnisstjóra leikskóladeildar, mannauðsstóra og yfirmanni mannauðsdeildar.

Þess má geta hér að ræstingu við Dögun var sagt upp á sl. ári vegna vanþrifa. Það var gengið til samninga við Icclean ræstingafyrirtækið og erum við afar ánægðar með þriffin hjá þeim.

Í svona skýrslu er stiklað á stóru og aldrei hægt að koma öllu því til skila sem æskilegt væri en það er nú einu sinni svo að við erum öll fædd undir sama himninum þótt við styðjumst ekki öll við sömu lífsgildin en við erum það sem við trúum á að við séum og niðurstöður foreldrakönnunar Skólalápsins frá því á síðasta ári og könnun Skólalápsins á þessu ári staðfestir það sem og góðir straumar frá foreldrum☺


 Leikskólastjóri Hæðarbóls

